



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu á sameiningu yfirstjórnar leikskólanna Hólaborgar og Suðurborgar - R19030028

Á fundi borgarráðs 11. apríl 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fyrirspurn um stöðu mála Hólaborgar og Suðurborgar hvað varðar tillögu meirihlutans um sameiningu þessara tveggja leikskóla. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær niðurstaða þessa máls mun liggja fyrir. Borgarfulltrúi Flokks fólksins gerir kröfu um að svör berist sem fyrst þar sem málið allt er farið að hafa virkilega mikil áhrif á starfsmenn tilfinningalega og fólk er farið að finna fyrir vonleysi. Málið hefur legið á borði skóla- og frístundasviðs síðan 8. janúar ásamt umsögnum frá starfsfólki og er því tímabært að starfsfólk og foreldrar fari að fá svör.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Á 160. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 14. maí 2019, var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að settur verði á fót starfshópur um framtíðarskipan stjórnunar í leikskólunum Suðurborg og Hólaborg með teymisstjórnun og aukið samstarf að leiðarljósi, í anda nýrrar menntastefnu Reykjavíkur. Áður samþykkt tillaga skóla- og frístundaráðs frá 28. febrúar 2019 um sameinaða yfirstjórn leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar er dregin til baka. Auglýstar verði stöður leikskólastjóra beggja leikskóla og faglegt sjálfstæði þeirra áréttað en lögð áhersla á aukið samstarf þeirra á sviðum fagstarfs, stjórnunar, mannauðsmála og rekstrar. Verkefni starfshópsins verði að móta og leggja fram tillögur varðandi aukið samstarf, breytta verkaskiptingu og betri nýtingu mannauðs og fjármagns í leikskólunum tveimur. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum stjórnenda, starfsfólks og skóla- og frístundasviðs. Hópurinn skal jafnframt hafa samráð við foreldraráð beggja leikskóla. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir 1. desember 2019.

Stöður leikskólastjóra beggja leikskólanna voru auglýstar lausar til umsóknar 25. maí 2019 með umsóknarfresti til 11. júní. Fjórar umsóknir bárust um stöðu leikskólastjóra í Hólaborg og aðrar fjórar um stöðu leikskólastjóra í Suðurborg en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka.

Ráðningarferli stendur nú yfir.

Virðingarfyllst

Soffía Pálsdóttir

staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs